

18. fundur stjórnar Vestfjarðastofu haldinn á starfstöð á Ísafirði og í fjarfundi, kl 14.00 miðvikudaginn 12. júní 2019. Mætt voru í starfstöð á Ísafirði Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson og Sigurður Hreinsson. Í fjarfundi voru Hafdís Gunnarsdóttir, formaður, Ingibjörg Benediktsdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Víkingur Gunnarsson og Ágústa Ýr Sveinsdóttir. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri var í fjarfundi og Dána Jóhannsdóttir sviðsstjóri var á starfsstöð á Ísafirði.

Boðuð dagskrá var sem hér segir.

1. Fundargerð 16 & 17. fundar stjórnar
2. Fundargerð Ársfundar
3. Hringvegur 2 - Samningur við Blue Sail
4. Umhverfissvottun Vestfjarða - NAVE
5. Svar við erindi til ANR - lagt fram til kynningar
6. Samningar um Sóknaráætlun - kynning
7. Kynningarhátíð í Rvík - Vestfirðir 2020
8. Millipinganefnd - Sigurður Hreinsson, Lilja Magnúsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir - Skipun
9. Innihald Haustþings
10. Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál
11. Trúnaðarmál - áður kynnt í tölvupósti til stjórnar
12. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 16. og 17. fundar stjórnar  
Fundargerð 16. Og 17. fundar stjórnar lögð fram til endanlegrar samþykktar en hafði áður verið kynnt í tölvupósti.  
Fundargerðir samþykktar.

2. Fundargerð ársfundar  
Fundargerð ársfundar lögð fram til endanlegrar samþykktar en hafði áður verið kynnt í tölvupósti og send til fundarstjóra Kristjáns Þ. Kristjánssonar sem hafði samþykkt fundargerð.  
Fundargerð samþykkt.

3. Hringvegur 2 – Samningur við Blue Sail  
Sviðsstjóri atvinnuþróunar kynnti samning við Blue Sail ráðgjafafyrirtækið og þær áherslur sem lagt er upp með í vinnunni framundan. Sviðsstjóri lýsti vinnu stýrihóps verkefnisins við yfirferð tilboða um vinnuna og greindi einnig frá því að verkefnastjóri verkefnisins Magnea Garðarsdóttir hefði kynnt verkefnið fyrir Dalamönnum í Búðardal.

Stjórn samþykkti að gengið yrði til samninga við Blue Sail.

4. Umhverfissvottun Vestfjarða - NAVE –

Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum Vestfjarðastofu og NAVE um að síðarnefnda stofnunin tæki að sér umsýslu umhverfissvottunar Vestfjarða. Framkvæmdastjóri fær heimild til að halda áfram vinnu við verkefnið.

5. Svar við erindi til ANR - lagt fram til kynningar  
Sviðsstjóri greindi frá því að erindi hefði verið sent til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna tengingar áfangastaðaáætlana landshluta við úthlutun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Svarbréf ANR lagt fram til kynningar.

6. Samningur um Sóknaráætlun 2020-2024

Framkvæmdastjóri greindi frá því að hún hefði sett fund um samninga landshlutasamtaka og ríkisins um Sóknaráætlun 2020-2024. Ekki lögð fram gögn en samningsdrög og skapalón sóknaráætlana væntanlegt og verður sent á stjórn.

7. Kynningarhátíð í Rvík - Vestfirðir 2020

Minnisblað lagt fram með uppleggi að „Vestfirskri matarmessu“. Markmiðið væri að halda viðburð sem vekur athygli á matvælaframleiðslu á Vestfjörðum og ýtir undir þá jákvæðu ímynd sem vestfirskar afurðir hafa. Draga fram nýsköpun og spennandi verkefni í matvælaframleiðslu á svæðinu. Tilgangurinn væri að vekja athygli á Vestfjörðum sem matavæla framleiðslusvæði og gefa vestfirskum framleiðendum kost á að kynna vörur sínar á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn tók jákvætt í verkefnið og fól starfsmönnum að vinna áfram að verkefninu.

8. Millipinganefnd

Í millipinganefnd eru skipuð af fulltrúum Fjórðungssambands Vestfirðinga Sigurður Hreinsson, Lilja Magnúsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Millipinganefnd tekur þegar til starfa samkvæmt samþykkt 63. Fjórðungspings sem haldið var á Þingeyri 10. júní sl.

9. Innihald Haustþings

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað þar sem lögð var til breytt tilhögun haustþings í samræmi við tvískipt hlutverk Vestfjarðastofu. Þannig verði hluti þingsins sameiginlegur en hluti tvískiptur í annars vegar sveitarfélagahluta og hins vegar atvinnulífshluta. Framkvæmdastjóra falin nánari útfærsla til að leggja fyrir næsta stjórnarfund.

10. Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál  
Boðun á stofnfund samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál. Lagt fram til kynningar.

11. Trúnaðarmál - áður kynnt í tölvupósti til stjórnar  
Mál rétt.

12. Önnur mál

Formaður lýsti ánægju með kynningarfund á Krossgötum – Sviðsmyndum fyrir Vestfirði 2035 sem haldinn var fyrr um morguninn. Mæting ágæt. Á fundinum var einnig kynnt innviðagreining fyrir Vesturbyggð.